



## Innkaupastefna þjóðgarðsins á Þingvöllum

### Um innkaupastefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum

Innkaupastefna þjóðgarðsins á Þingvöllum gildir um öll innkaup þjóðgarðsins á vörum, endursöluvörum, þjónustu og fjárfestingum. Innkaupastefnan er byggð á lögum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins.

### Markmið innkaupastefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum

Megináhersla í innkaupastefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum er að innkaup séu:

- Sjálfbær
- Hagkvæm
- Ábyrg
- Gagnsæ

Að auki leggur þjóðgarðurinn áherslu á að innkaupin séu eins umhverfisvæn og kostur er.

### Umhverfisvæn og vistvæn innkaup – skipulag innkaupa

- Áhersla er lögð á að við innkaup sé horft til umhverfisstefnu, loftslagsstefnu og samgöngustefnu þjóðgarðsins.
- Við innkaup ber að velja eins umhverfisvænan kost og mögulegt er.
- Horfa skal til umhverfismerkinga vara, svo sem Evrópublómsins og Svansins við val á vörum.
- Reyna skal eftir fremsta megni að sameina ferðir þar sem ná á í vörur.

### Innkaupaaðferðir

- Rammasamningar og/eða rafræna markaðstorgið skal notað við innkaup þar sem þeir eru fyrir hendi og aðstæður leyfa. Þar sem rammasamningar eru ekki fyrir hendi skal ávallt viðhafa verðsamanburð.
- Ýmist skal notast við innkaupakort eða beiðnir þegar vara og þjónusta er keypt. Einnig er heimilt að panta í gegnum vefverslanir þar sem kostur gefst.
- Við kaup á olíu og bensíni skal notast við viðskiptakort gefin út af því olíufélagi sem þjóðgarðurinn er í viðskiptum við á hverjum tíma.
- Við stærri sérfræðiverk skulu gerðir verksamningar og leitað skal tilboða eða farið í útboð, allt eftir umfangi verkefna. Fari kostnaðaráætlun verkefnis yfir lögbundin mörk um útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 94/2001 skal undantekningalaust bjóða verkefnin út.



## Innra eftirlit og eftirfylgni

- Fjármálastjóri skal tryggja að ávallt komi tveir stjórnendur að því að samþykkja útgjöld.

## Siðfræðilegar viðmiðunarreglur við innkaup

- Persónulegar ástæður skulu ekki ráða vali á vörum, birgjum eða þjónustu.
- Starfsmenn skulu leiða hjá sér hvers kyns persónulegan ávinning sem gæti haft áhrif á ákvarðanir vegna innkaupa.
- Starfsmaður skal ekki þiggja gjafir eða fjármuni frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi hans ef almennt má líta á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Sanngjarnt er að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða enda séu verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni er heimilt að þiggja gjöf.
- Óheimilt er að mismuna á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða, s.s. kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.
- Við innkaup skal ávallt hafa í huga að upplýsingar varðandi þau séu fyrir opnum tjöldum eftir því sem kostur er enda gilda um starfsemina ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996.

Þingvöllum, október 2021

---

Einar Á. E. Sæmundssen, þjóðgarðsvörður